



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Til bæjarráðs Kópavogs

Kópavogi, 14. maí 2024
2209819/800.04 ÁAK

Efni: Dómur Héraðsdóms Reykjaness í máli E-1864/2022

Þann 3. maí sl. var í héraðsdómi Reykjaness kveðinn upp dómur í máli er Lýður Ári Friðjónsson höfðaði gegn Kópavogsbæ og Fríkirkjunni Kefas.

Kröfur stefnanda voru að með dómi yrði ógildur lóðarleigusamningur milli Kópavogsbæjar og Kefas um lóðina Fagraþing 2a, áður Vatnsendablettur 69a. Þá krafðist stefnandi að viðurkennt væri að hann væri réttur handhafi lóðarréttindanna.

Dómurinn vísaði frá kröfu stefnanda um ógildingu lóðarleigusamningsins og sýknaði stefndu af þeirri kröfu að viðurkennt væri að stefnandi væri réttur handhafi lóðarréttinda. Var stefnandi ekki talinn hafa fært fyrir því viðhlítandi rök að lóðarleigusamningur sá er hann reisti rétt sinn á hefði framlengst án atveina samningsaðila.

Fríkirkjunni Kefas voru dæmdar 1.400.000 kr. í málskostnað en málskostnaður gagnvart Kópavogsbær felldur niður.

Virðingarfyllst,

Ása A Kristjánsdóttir
bæjarlögmaður



Kópavogur

